

# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR

40. Siglingaþing  
23. febrúar 2013



# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal, 104 Reykjavík  
Sími: 514-4210 Fax: 514-4001  
E-mail: sil@isisport.is



---

## **Efnisyfirlit**

**Dagskrá Siglingaþings**

**Fulltrúar héraðssambanda**

**Skýrsla formanns**

**Skýrsla þjálfara Santander**

**Úrslit móta**

**Lög SÍL**

**Ársreikningur 2012**

Skýrsla 40. Siglingaþings var unnin af Úlfi H. Hróbjartssyni  
í febrúar 2013

Umbrot og hönnun Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis  
Ólafur Víðir Ólafsson  
Úlfur H. Hróbjartsson

Ljósmyndir  
Eru fengnar af heimasíðum aðildafélaga SÍL

Prentun  
Skrifstofa ÍSÍ

# Dagskrá 40. siglingaþings

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
23. febrúar 2013

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
5. Kosning þingnefnda:
  - a. Fjárhagsnefnd 3 manna.
  - b. Laga- og leikreglnafnd 3 manna.
  - c. Allsherjarnefnd 3 manna.
6. Lögð fram skýrsla stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
8. Umræður og samþykkt reikninga.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Lagabreytingatillögur.
11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar:
  - a. Stjórn og varastjórn, sbr 9. gr.
  - b. 2 skoðunarmenn.
  - c. Fulltrúa á íþróttapiing í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt iðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.
17. Þingslit.

## Fulltrúar á 40. siglingaþingi

### Fullrúafjöldi héraðssambanda:

Héraðssamband	Iðkendur	Fulltrúar
Íþróttabandalga Reykjavíkur Brokey, siglingafélag Reykjavíkur Kayakklúbbur Reykjavíkur	635	15
Ungmennafélag Kjalarnesþings Siglingafélagið Ýmir	241	7
Íþróttabandalaga Akureyrar Siglingafélagið Nökkvi	54	4
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar Siglingaklúbburinn Pytur	426	11
Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu Siglingadeild Snæfells	25	2
Héraðssamband Vestfirðinga Siglingafélagið Sæfari	43	3
Ungmennasamband Skagafjarðar Siglingaklúbburinn Drangey	64	4
Héraðssamband Píngeyinga Siglingadeild Völsungs	-	-
Ungmenna og íþróttasamband Austurlands Kayakklúbburinn Kaj	-	-
<b>Alls</b>	<b>1.491</b>	<b>46</b>

## Stjórn SÍL

### Kjörin á 39. siglingaþingi

Formaður:	Úlfur H. Hróbjartsson
Varaformaður:	Trausti Ævarsson
Ritari:	Anna Ólöf Kristófersdóttir
Gjaldkeri:	Sigurjón Hjartarson
Meðstjórnandi:	Snorri Valdimarsson Kolbeinsson
Varastjór:	Jakob Frimann Þorsteinsson
Varastjór:	Rúnar Þór Björnsson
Varastjór:	Klara Bjartmarz
Heiðursformaður:	Ari Bergmann Einarsson



# Skýrsla Formanns



Í haust verða liðin 40 ár frá formlegri stofnun SÍL. Margt hefur gerst á þessum 40 árum og starfsemi sambandsins hefur gengið í gegnum hæðir og lægðir. Margt hefur breyst frá þeim tíma sem Siglingasambandið var stofnað en á sama tíma er margt enn hið sama. Bátáflotinn hefur breyst og þróast, færri heimasmíðaðir bátar eru á floti nú en áður. Allur búnaður hefur batnað til muna og um margt eru siglingar mun aðgengilegri nú heldur en þær hafa verið um áraraddir. Við stríðum þó enn við mörg af sömu vandamálum og áður og bera þar hæst aðstöðumál og skilningur yfirvalda á starfi siglingafélaganna.

Ljósustu dæmi um þetta skilningsleysi yfirvalda er að finna í aðstöðumálum félaganna. Elsta siglingafélag landsins sem verður 50 ára á þessu ári hefur enn höfuðstöðvar í húsnæði sem ekki þótti nógu gott til að vera salerni á tjaldstæði Akureyrarbæjar. Kayakklúbburinn og Siglingafélag Reykjavíkur eru í gámum og óeinangruðum stríðsminjum í Nauthólsvík. Ráðstefnuhús reist á aðstöðu Brokeyjar við Reykjavíkurhöfn og ylströndin sett fyrir aðstöðu félagsins í Nauthólsvík. Nýjasta útspilið er brú yfir Fossvog sem nú er í undirbúningi hjá Reykjavíkurborg og Kópavogi. Sú brú mun setja allt siglingastarf á Fossvogi í uppnám og eyðileggja þá siglingaaðstöðu sem nú þegar hefur verið byggð upp á síðustu fjörutíu árum. Það mæðir mikið á þeim aðilum sem taka að sér stjórnarstarf fyrir siglingafélögin í landinu og árangur af starfinu er oft á tíðum óljós þar sem mikill tími og barátta fer í það eitt að halda í horfinu. Hvað þá að geta bætt aðstöðuna og byggt upp stærra og sterkara félag. Varnarbaráttan hefur svo sannarlega sett mark sitt á allt siglingastarf. Þrátt fyrir að mikill tími og kraftur hafi farið í varnabaráttu þá hefur heimikil uppbygging átt sér stað á undanförunum árum og er það ekki sist þeim duglegu stjórnarmönnum siglingafélaganna og sjálfbodliðum að þakka. Það hefur verið hlutverk SÍL síðastu ár að veita félögum stuðning til að byggja upp sitt innra starf. Það hefur verið gert með aukinni áherslu á fræðslumál og þá sérstaklega menntun þjálfara og siglingakennara. Til að standa straum af þeirri starfsemi var Anna Ólöf Kristófersdóttir ráðin til SÍL í upphafi ársins og hefur hún síðan þá unnið að kennsluefni og leiðavisum um bestu aðferðir við kennslu og öryggismál innan siglingafélaga. Anna hefur sótt 2 mánaða námskeið hjá Alþjóða siglingasambandinu um einmitt slíka uppbyggingu. Anna hóf starfið af krafti og hélt tvö þjálfaranámskeið fyrir siglingaþjáflara í vor. Fyrra námskeiðið var fyrir reynda þjálfara og miðaði við þjálfarastig 2 og 3 og var það haldið í samvinnu við Alþjóðasiglingasambandið ISAF og Alþjóða Ólympíusambandið. Önnu til aðstoðar á námskeiðinu var Mike Hart reyndur siglingaþjáflari og kennari frá Bretlandi. Seinna námskeiðið var fyrir 1 stig þjáflara. Það voru 4 þjálfarar sem útskrifuðst af fyrra námskeiðinu og þrír af því síðarara. Til að fá réttindi sem SÍL þjálfari þarf einnig að læra meðferð öryggisbáta. Tvö slík námskeið voru haldin í vor í samvinnu við Slysavarnarskóla Landsbjargar. Anna sá um að leiðbeina kennurum Slysavarnarskólans um aðkomu og meðferð á seglbátum. Námskeiðin voru haldin í Reykjavík og á Akureyri og tókust með ágætum.

Með aukinni þjálfaramenntun verður allt menntunarstarf félaganna öfl-

ugra þeir sem sækja námskeiðin og aðstandendur þeirra verða ánægðari með félagið og það getur enn aukið á framgang félaganna. Það má ekki gleyma því að þjálfararnir eru andlit félaganna fyrir þá sem vilja læra að sigla og það eru þeir sem geta stækkað félögin og aukið enn á starfið.

Þó þessi uppbygging hafi á árinu nær eingöngu snúið að seglskútu og kænu siglingum þá verður vonandi hægt á næstu árum að koma á svipaðri uppbyggingu fyrir kayakkenntu og fræðslu á Íslandi. Það er sérstaklega mikilvægt ef litíð er til starfsleyfa frá Siglingastofnun vegna ferðaþjónustu.

Fyrir utan þjálfunar- og leiðbeinendanámskeið þá gekst SÍL fyrir vinnustofu um sjálfbodaliðsstarf. Miðaði vinnustofan að starfi siglingafélaga og var sérstaklega beint að starfandi stjórnnum félaganna í landinu. Leiðbeinandi á vinnustofunni var Jackie Bennetts frá Breska siglingasambandinu RYA. Hún sér um sjálfbodaliðastarf hjá sambandinu heldur utan um gagnagrunn og liðsinnir siglingafélögum um hvernig þau geta aukið þátttöku sjálfbodaliða og hvernig þeir nýttist sem best. Vinnustofan var öllum opin en því miður var þetta ágæta tækifæri vannýtt. Meðal þess sem Jackie lagði áherslu á að útteila sjálfboda verkefnum í samræmi við getu og þekkingu þeirra sem verkefni fengu. Einnig að nauðsynlegt væri að veita viðurkenningar fyrir þau störf sem unnin eru. Glærur og efni námskeiðsins er hægt að nálgast á skrifstofu SÍL.

Mótahald var með hefðbundnu móti þó féllu niður nokkur kayakmót þar sem félögin sem áttu að sjá um þau treystu sér ekki til að standa að þeim. Þó ber þess að geta að Kayakklúbburinn gekkst fyrir nýstárlegu keppni í sjökayakfærni, þar sem ræðari þurfti að takast á við þrautabraut og leysa tækniþrautir. Keppnin fór fram í höfninni við Bryggjuhverfi í Reykjavík.

Æfingabúðir SÍL voru færðar til þegar í ljós kom að ekki yrði hægt að halda þær á Sauðárkróki eins og ætlað var sökum framkvæmda við höfnina á Sauðárkróki. Siglingadeild Snæfells hljóp þá undir bagga og hélt veglegar æfingabúðir í Stykkishólmi. Þrátt fyrir þröng á þingi við flötbryggju þeirra Snæfellinga tókst að koma flotanum fyrir. Tom Wilson kom alla leið frá Oman til að vera með okkur á ný. Ljóst er að æfingabúðirnar hafa þróast og breyst hratt á síðustu árum. Bæði er það með aukinni menntun þjálfara auk þess sem þátttaka foreldra er orðin mjög mikil og góð. Í ár var sérstök áhersla lögð á að styrkja heimamenn til frekari þátttöku í starfi SÍL.

Formaður SÍL og fræðslustjóri brugðu undir sig betri fætinum í sumar og fóru til Ísafjarðar til að kynna sér starfsemi þar og kynna starfsemi SÍL fyrir félagsmönnum og stjórn Sæfara.

Aðilar í Skátahreyingunni höfðu samband við SÍL og óskuðu eftir aðstoð við uppbyggingu á siglingastarfi Skátanna á Úlfjótuvatni. Formaður og fræðslustjóri fóru í heimsókn til að skoða aðstöðu og ræða við aðstandendur. Það er von okkar að málið haldi áfram og að skátarnir muni í framtíðinni vera hluti af uppbyggingarstarfi á fristundasiglingum hér á landi.

Í haust var haldinn fundur Norræna Siglingasambandsins hér á Íslandi. Megin efni fundarins var undirbúningur fyrir ársþing Alþjóðasiglingasambandsins ISAF. Farið var yfir tillögur sem lágu fyrir þinginu og staðan tekin á þeim kostum sem í boði voru forseta ISAF og þeim kostum sem voru á borðinu fyrir framkvæmdastjórn sambandsins. Að auki voru valdir fulltrúar norðurlandanna í stjórn Alþjóða siglingasambandsins (council).

Aðalþing ISAF var í Dun Laoghaire í á Írlandi. Kosningar settu mark sitt á fundinn og mikil spennan var í loftinu. Nefndarfundir voru með hefðbundnu sniði og fátt nýtt á þeim enda nefndir að ljúka störfum og von á breytri nefndarskipan í kjölfar kosninga. Kosningarnar til forseta sambandsins voru æsispenndandi. Svo fór að lokum að sigurvegari varð Carlo Croce frá Ítalíu. Ný framkvæmdastjórn var einnig kosin en aðeins einn fulltrúi þar er úr fyrri stjórn.

Það voru þeir Birgir Ari Hilmarsson og Úlfur H. Hróbjartsson sem sóttu þingið fyrir Íslands hönd. Birgir vegna setu sinnar í Regional Games committee og Úlfur sem fulltrúi stjórnar SÍL til að taka þátt í aðalfundarstörfum fyrir Íslands hönd.

Birgir og Úlfur voru báðir kosnir í nefndir á vegum sambandsins næstu fjögur árin. Birgir heldur sæti sínu í Regional Games Committee og Úlfur var valin til setu í Development and Youth Committee.

Í októberlok fóru þrír Laser siglarar í æfingabúðir á Santander á Spáni ásamt þjáflara. Markmið búðana var að aðstoða minni þjóðir í Evrópu til að undirbúa og senda keppendur á heimsmeistaramótið í Siglingum í

Santander 2014. Ljóst er að SÍL og siglingafélögin mega leggja nokkuð á sig til að standast alþjóðlegan samanburð. Nánar má lesa um þessa ferð í skýrslu þjáflara.

Unnið að því að fá vottun ISAF á menntunarkerfi SÍL. Það er framfara mál ekki aðeins fyrir siglingaíþróttina heldur einnig fyrir þá einstaklinga sem sækja námskeiðin því þar með er kominn alþjóðlegur stimpill á nám þeirra og þekkingu og þeir geta nýtt sér það til að starfa að siglingum erlendis til dæmis með háskóla námi.

Það að hafa tæplega tvo starfsmenn hefur reynt SÍL kostnaðarsamt og gegnið hefur verulega á varasjóði þess. Til að stemma stigu við frekara tapi hefur því verið gripið til þess ráðs að segja upp framkvæmdastjóra sambandsins. Nokkur breyting verður því að starfseminni en áherslan verður þó áfram á fræðslu og menntun siglingafólks á öllum aldri.



Optimist fyrir þjáflara



Aðalfundur ISAF



Þjálfarnámskeið með Mike Hart

# Æfingabúðir í Santander

## Skýrsla þjáfara

Dagana 29. október til 4. nóvember voru haldnar æfingabúðir í Santander á Spáni fyrir siglingafólk og þjálfara „Emerging Nations“ í evrópu. Íslandi bauðst að senda þrjú siglingamenn og einn þjálfara í þessar búðir. Markmiðið með búðunum er að auka þátttöku fleiri þjóða í alþjóðlegum mótum og þá sérstaklega miðað við heimsmeistarmótið 2014. Stuðningur heldur áfram í ár með eftirfylgni frá Santander í ár og á næsta ári. Þátttakendur frá Íslandi í æfingabúðunum ásamt undirrituðum voru þau Hulda Lilja Hannesadóttir, Björn Heiðar Björnsson og Hilmar Hannesson en þau sigla öll á Laser seglbátum. Æfingabúðirnar voru haldnar af Alþjóða siglingasambandinu ISAF og Spænska siglingasambandinu með þátttöku alþjóða Olympíusambandsins.

Í æfingabúðunum var áhersla lögð á að leggja grunn að æfingaprógrammi sem nýtist til uppbyggingar á afreksstarfi heimafyrir. Því var unnið náið með þjálfurum frá hverju landi auk þess sem siglingafólkið fékk leiðbeiningar frá fyrsta flokkst siglingaþjálfurum. Þátttakendur voru frá einum sex þjóðum samtals 20 siglingamenn og 8 þjálfarar.

### Hlutur þjálfara

Þjálfarahluti æfingabúðanna miðaðist við afreksþjálfun eða 3ja stig Alþjóðasiglingasambandsins ISAF. Leiðbeindendur voru landsliðsþjálfarar Spánar auk læknis og styrktarþjáflara landsliðsins sem allir veittu innsýn í sitt starf. Hver dagur hófst á fyrirlestri frá kl 9-12 þar sem megin áhersla var lögð á Laser seglbáta og þjálfun fyrir þá. Eftir hádegi hittust þjálfarar og siglingamenn saman á fundi kl 1300 þar sem þjáflarar Spænska landsliðsins fóru yfir æfinga og áherslur fyrir siglingafólkið þann daginn. Hálf tíma síðar var farið út og sjó og gerðar æfingar. Þjálfurum var skipt upp í hópa og áttu að greina siglingahæfni og mistök auk annarra verkefna úti á sjó. Æfingu á sjó lauk 16:30-17:30 og við tók yfirferðar fundur þar sem farið var yfir frammistöðu þjálfara og greiningar þeirra. Á þeim fundi loknum var fundað með siglingafólkinu og farið yfir daginn



Frá æfingum í Santander

og greiningar sem gerðar höfðu verið. Þeim voru sýndar myndbandsupptökur af æfingum dagsins og farið yfir þær og leitað leiða til að laga það sem úrskaiðis fór. Klukkan 1800 -2000 voru síðan fyrirlestar þeir voru haldnir af lækni styrktarþjálfara og siglingaþjálfara.

Þau áherslu atriði sem farið var yfir með okkur þjálfurum voru mörg og komu sér mjög vel fyrir það starfs sem framundar er hjá SÍL í að byggja upp afreksþjálfun. Þessar æfingabúðir snérist nær eingöngu um Laser báta en margt af því má yfirfæra yfir á aðrar tegundir. Í afreksþjálfnarhlutanum var farið yfir hluti eins og æfingamagn og hvernig ætti að fá sem mest út úr hverri æfingu. Hvað tól væri gott að nota eins og til myndbandsupptökur og greiningar á þeim. Farið var yfir helstu tækni atrið varðandi Laserbáta stöður um borð, seglastillingar, viðnám báts stýris og kjalar auk þess sem farið var yfir þyngdarþunkta í bátnum og stöðu siglingarmanns um borð. Atriði meira almenns eðlis voru veður og straumar og keppnistaktík byggða á þeim. Einnig var farið í sálfræði þáttinn og taktíska hugsun sem þjálfar þarf hjá siglingafólki.

Mestan lærdóm var að fá hjá lækninum og styrktarþjáflaranum, þar var farið yfir atrið sem ekki hafa verið mikið skoðuð meðal Íslenskra siglingamanna. Siglingafólkið var mælt hátt og lágt og hlutföll þeirra skoðuð með hliðsjón að hönnun Laser seglbátsins. Einnig fór siglingafólkið í uppstigsmælingu til að mæla þrek og í fitumælingu. Niðurstöður allra þessara mælinga voru síðan nýttar til að útbúa æfingaprógram fyrir hvern og einn.

Einnig var mjög áhugavert að fá tækifæri til að vinna með styrktarþjálfaranum. Hann fór yfir þær æfingar sem nýttust siglingamönnum best og hvernig hægt væri að nota einfalda aðstöðu til að byggja upp þær æfingar.

### Næstu skref:

Ég er að læra íþróttufræði við háskólann í Reykjavík á öðru ári og hef sett þá stefnu að reyna að fá eins mikið úr mínu námi og tengja það strax við það sem mig langar að gera í framtíðinni. Við heimkomuna var þar ég þá ósk upp við Siglingasamband Íslands að unnið yrði frekar í afreksmálum og þá sérstaklega komi upp sameiginlegum æfingum siglingafélaga til að nýta þá þekkingu sem ég öðlaðist á Spáni. Vel var tekið hugmyndir mínar og er undirbúningur nú þegar hafinn.

Ég hef sett af stað vetraræfingar sem hefjast í febrúar og þar mun ég vera með æfingar fyrir höfuðborgarsvæðið þrisvar í viku. Ég hef einnig farið norður á Akureyri og þar eyddi ég laugardegi í fyrirlestur þar sem ég fór yfir það með siglurunum hversu mikilvægt það væri að koma inni siglingarsumarið í eins góðu formi og mögulegt er þar sem að tíminn okkar á sjó er ekki mikill, einnig eyddum við fjórum klukkutímum saman í Bjarginu sem er líkamsræktarstöð fyrir norðan og fór ég yfir það æfinga prógram sem þau eiga að æfa eftir næstu 6 vikurnar. Svo næstu helgi þá er ég með fund með höfuðborgarsvæðinu sem mun snúast um það sama og ég gerði fyrir norðan. Mitt markmið er að lengja siglingarsumarið út 3 mánuðum í 5 ½ mánuði og einnig að æfa á veturnar í 3 mánuði svokallað undirbúningtímabil.

Virðingarfyllt  
Ólafur Viðir Ólafsson







# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



**Úrslit 2012**

## Reykjavíkurbíkar (Sjókayak)

### 10 km karlar - Ferðabátar

Röð	Nafn	Tegund báts	Árategund	Tími
1	Ólafur Einarsson	Point 65 - XP 18	Væng	0:58:10
2	Sveinn Axel Sveinsson	Kirton - Inuk	Væng	0:59:19
3	Eymundur Ingimundarson	Valley Aquanaut	Væng	0:59:41
4	Guðmundur Breiðdal	Kirton - Inuk	Væng	1:03:05
5	Þorbergur Karlsson	Qajak Sea Wolf	Væng	1:03:39
6	Gunnar Ingi Gunnarsson	Valley Nordkapp LV	Euro-ár	1:04:52
7	Einar Kristinsson	Qajak Sea Wolf	Euro-ár	1:05:04
8	Egill Þorsteins	Tahe-Greenlander T	Euro-ár	1:05:43
9	Páll Gestsson	Valley Nordkapp LV	Euro-ár	1:05:47
10	Páll Reynisson	Explorer HV	Euro-ár	1:06:01
11	Smári Ragnarsson	Valley Nordkapp	Euro-ár	1:07:04
12	Össur Imsland	Whisky	Euro-ár	1:07:45
13	Ágúst Ingi Sigurðsson	Bahiya	Væng	1:10:10
14	Stefán Árnason	Whisky	Euro-ár	1:10:51
15	Karl Valdimar (Kaldi)	Capella	Euro-ár	1:10:55

### 10 km konur - Ferðabátar

Röð	Nafn	Tegund báts	Árategund	Tími
1	Póra Atladóttir	Valley Nordkapp LV	Euro-ár	1:09:30
2	Klara Bjartmarz	NDK Romany	Euro-ár	1:14:15

### 3 km konur - Ferðabátar

Röð	Nafn	Tegund báts	Árategund	Tími
1	María Lovísa Breiðdal	Valley Nordkapp	Euro-ár	0:22:59
2	Katla Guðrún Gunnarsdóttir	Kitiwec	Euro-ár	0:24:27

## Hvammsvíkur maraþon (Sjókayak)

Röð	Nafn	Tegund báts	Árategund	Tími
1	Ólafur Einarsson	Point 65 - XP 18	Væng	5:05:45 (1:40:13 - 1:51:27 - 1:34:05)
2	Sveinn Axel Sveinsson	Kirton - Inuk	Væng	5:20:25 (1:38:06 - 2:02:14 - 1:40:05)
3	Lárus Guðmundsson	NDK Romany	Græn. ár	5:42:07 (1:53:02 - 2:06:25 - 1:42:40)
4	Guðni Páll Viktorsson	Valley Nordcap	Græn. ár	6:03:38 (1:50:29 - 2:12:39 - 2:00:30)
DNF	Eymundur Ingimundarson	Valley Rapier	Væng	(1:37:40 - -)
DNF	Guðmundur Breiðdal	Kirton - Inuk	Væng	(1:55:42 - -)

Liðakeppni				
1	Póra Atladóttir	Valley Nordkapp LV	Græn. ár	(1:57:40 - -)
	Gunnar Svanberg Skúlason	Qajak Sea Wolf	Væng	( - 2:01:11 - )
	Gunnar Ingi Gunnarsson	Valley Nordkapp LV	Euro-ár	( - - 1:28:55)
				5:27:55
2	Gísli H. Friðgerisson	NDK Explorer	Euro-ár	(1:47:16 - -)
	Ágúst Ingi Sigurðsson	Valley Nordcap	Græn. ár	( - 2:23:37 - )
	Smári Ragnarsson	Valley Nordcap		( - - 1:33:15)
				5:44:08

## Tungufjót (Straumkayak)

### Karlar

1. Reynir Óli Þorsteinsson
2. Ragnar Karl Gústafsson
3. Friðrik Rúnar Garðarsson

### Konur

1. Tinna Sigurðardóttir



## Opnunarmót Kænur



Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	Stig
1	L. Strd	162634	Brokey	Hilmar Páll Hannesson	2.0	1.0	1.0	4.0
2	L. Strd	27	Pytur	Guðmundur Markús Ísaksson	1.0	2.0	2.0	5.0

Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	Stig
1	Topper Topaz	100	Brokey	Hrefna Ásgeirsdóttir Lína Dóra Hannesdóttir	1.0	1.0	1.0	3.0
2	Topper Topaz	102	Brokey	Gunnar Hlynur Úlfarsson Gunnar Kristinn Óskarsson	2.0	2.0	2.0	6.0
3	Topper Topaz	101	Brokey	Þorbjörg Erna Mýmisdóttir	3.0	3.0	3.0	9.0

Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	Stig
1	Optimist	ISL 210	Ýmir	Búi Fannar Ívarsson	1.0	1.0	1.0	3.0
2	Optimist	103	Brokey	Þorgeir Ólafsson	3.0	2.0	2.0	7.0
3	Optimist	ISL 18	Ýmir	Ýmir Guðmundsson	2.0	3.0	3.0	8.0

### Opinn Flokkur

Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	Stig
1	L. Radial	112	Brokey	Hulda Lilja Hannesdóttir	1.0	1.0	1.0	3.0
2	29er	ISL 950	Ýmir	Aðalsteinn Jens Loftsson Eyþór Aðalsteinsson	2.0	2.0	2.0	6.0
3	L. Radial	71	Ýmir	Gaukur Steinn Guðmundsson	3.0	3.0	3.0	9.0

## Miðsumarmót Kænur



### Opinn flokkur

Sæti	Bátur	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	K-4	Stig
1	L. Strd	Brokey	Hilmar Páll Hannesson	1	1	1	1	4
2	Topper Topaz	Brokey	Björn Bjarnarson Lína Dóra Hannesdóttir	4	2	4	3	13
3	L. Radial	Brokey	Hulda Lilja Hannesdóttir	6	3	3	2	14
4	Topper Topaz	Brokey	Gunnar Hlynur Úlfursson Gunnar Kristinn Óskarsson	3	5	2	4	14
5	29er	Ýmir	Aðalsteinn Jens Loftsson Eyþór Pétur Aðalsteinsson	5	4	5	5	19
7	L. Radial	Pytur	Eyþór Arnarsson	2	7	8	7	24
8	L. Radial	Pytur	Anders Rafn Sigþórsson	7	6	6	6	25
9	Topper Topaz	Ýmir	Óðinn Örn Einarsson Baldvin Ari Jóhannesson	9	8	7	9	33

### OPTIMIST

Sæti	Bátur	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	K-4	Stig
1	Opt	Brokey	Þorgeir Ólafsson	1	2	2	1	6
2	Opt	Ýmir	Búi Fannar Ívarsson	2	1	4	2	9
3	Opt	Ýmir	Gunnar Bjarki Jónsson	3	4	1	4	12
4	Opt	Ýmir	Ýmir Guðmundsson	5	3	3	3	14
5	Opt	Brokey	Andrés Nói Arnarsson	4	5	5	5	19

## Íslandsmeistaramót Kænur

Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	K-4	K-5	K-6	Stig
1	Topper		Nökkvi	Sigurður Alexander	1	2	1	1	3	2	10
2	Topper		Brokey	Gunnar Kristinn Óskarsson	2	1	3	3	1	1	11
	Topaz			Gunnar Hlynur Úlfarsson							
3	Topper		Brokey	Lína Dóra Hannesdóttir	3	3	2	2	2	3	15
	Topaz			Hrefna Ásgeirsdóttir							
4	Topper			Jón Páll Hallbjörn	5	6	4	4	4	4	27
	Topaz										
5	Topper		Brokey	Porbjörg Erna Mímisdóttir	4	6	6	6	6	6	34
T	opaz			Karen Eir Einarsdóttir							

Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	K-4	K-5	K-6	Stig
1	Opt A	667	Nökkvi	Stefán Ármann Hjaltason	2	1	3	2	1	2	11
2	Opt A	DEN7989	Nökkvi	Breki Sigurjónsson	1	2	2	1	5	3	14
3	Opt A	210	Ýmir	Búi Fannar Ívarsson	6	4	1	3	2	1	17
4	Opt A	80	Nökkvi	Friðrik Elíasson	4	3	7	4	7	4	29
5	Opt A	18	Ýmir	Ýmir Guðmundsson	7	6	4	5	3	5	30
6	Opt A	200	Ýmir	Gunnar Bjarki Jónsson	3	5	6	6	6	7	33
7	Opt A	123	Brokey	Porgeir Ólafsson	5	8	5	7	4	6	35

1	Opt B	106	Brokey	Ásgeir Kjartansson	0	6	1	1	4	1	13
2	Opt B	107	Brokey	Andrés Núi Arnarsson	0	6	2	3	1	2	14
3	Opt B	ISL16	Nökkvi	Sigurjón Björnsson	0	6	3	4	2	3	18
4	Opt B	ómerkt	Drangey	Hartmann Felix Steingrímsson	0	6	4	2	3	4	19
5	Opt B	DEN689	Nökkvi	Pór Wium	0	6	6	6	6	6	30

Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	K-4	K-5	K-6	Stig
1	L. Strd	162624	Nökkvi	Björn Heiðar Rúnarsson	1	1	1	1	1	1	6
2	L. Strd	115	Brokey	Hilmar Páll Hannesson	5	3	2	2	2	2	16
3	L. Strd	162639	Nökkvi	Veigar Árni Jónsson	2	2	4	3	4	3	18
4	L. Strd	162634	Ýmir	Ævar Freyr Eðvaldsson	3	6	5	5	3	4	26
5	L. Strd	162641	Pytur	Guðmundur Ísak Markússon	4	5	3	4	9	9	34
6	L. Strd	162636	Pytur	Eyþór Agnarsson	9	9	6	6	9	9	48
7	L. Strd	162263	Brokey	Björn Bjarnarson	6	4	9	9	9	9	46
8	L. Strd	162626	Brokey	Orrí Leví Úlfarsson	7	9	9	9	9	9	52

1	L Radial	197680	Nökkvi	Porlákur Sigurðsson	1	1	1	1	1	1	6
2	L Radial	162638	Nökkvi	Lilja Gísladóttir	2	3	2	2	2	3	14
3	L Radial	112	Brokey	Hulda Lilja Hannesdóttir	3	2	3	3	3	2	16
4	L Radial	2636	Pytur	Arnar Freyr Kristinsson	5	6	4	4	4	4	27
5	L Radial	162639	Brokey	Hjörtur Már Ingasson	4	6	6	6	6	6	34

1	L.4,7	8	Nökkvi	Sigurður Seán Sigurðsson	1	1	2	1	2	1	8
2	L.4,7	6	Nökkvi	Gunnar Úlfarsson	2	2	1	5	1	2	13
3	L.4,7	7	Nökkvi	Jón Ólafur Jónsson	3	3	3	3	3	3	18
4	L.4,7	18	Ýmir	Huldar Hlynsson	4	4	4	4	4	4	24
5	L.4,7	197688	Ýmir	Baldvin Ari Jóhannesson	5	6	5	2	5	6	29

1	29er		Ýmir	Aðalsteinn Jens Loftsson Eyþór Pétur Aðalsteinsson	1	1	1	1	1	1	6
---	------	--	------	---	---	---	---	---	---	---	---

## Lokamót kænur



Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	K-4	Stig	
1	L.Radial		Nökkvi	Porlákur Sigurðsson		1	1	1	3	
2	L. Strd		Brokey	Hilmar Páll Hannesson		5	2	3	10	
3	L. Radial		Brokey	Hulda Lilja Hannesdóttir		7	3	2	12	
4	Topper		Brokey	Gunnar Hlynur		4	4	7	15	
	Topaz			Gunnar Kristinn Óskarsson						
5	Topper		Brokey	Hrefna Ásgeirsdóttir		6	5	5	16	
	Topaz			Lína Dóra Hannesdóttir						
6	L. 4,7		Nökkvi	Sean Sigurðsson		3	6	9	18	
7	L. Strd		Nökkvi	Björn Heiðar Rúnarsson		2	10	9	21	
8	L. Strd		Brokey	Björn Bjarnarson		9	9	4	22	
9	Topper		Brokey	Porbjörg Erna Mímisdóttir		10	7	5	22	
	Topaz			Karein Eir Einarsdóttir						
10	L. 4,7		Ymir	Huldar Hlynsson		8	8	8	24	
11	505		Pytur	Guðmundur Ísak Markússon		11	10	9	30	
				Eyþór Agnarsson						
12	29er		Ymir	Aðalsteinn Jens Loftsson			12	10	9	31
				Eyþór Pétur Aðalseinsson						

Sæti	Bátur	Seglanr.	Félag	Keppandi	K-1	K-2	K-3	K-4	Stig
1	Opt.	123	Brokey	Porgeir Ólafsson	1	1	2	1	5
2	Opt.	200	Ymir	Gunnar Bjarki Jónsson	2	2	1	2	7
3	Opt.	107	Brokey	Ásgeir Kjartansson	3	3	3	5	14
4	Opt.	106	Brokey	Andrés	4	6	5	3	18
5	Opt.	103	Brokey	Ólafur Heiðar Jónsson	6	4	4	6	20
6	Opt.	105	Brokey	Atli Gauti Ákason	5	5	6	4	20

## Opnunarmót kjölbáta

Bátur	Félag	Sigldur tími	Forgjöf	Leiðréttur tími	Sæti	Stig íslb.
Dögun	Brokey	2:54:08	0.841	2:26:27	1	10
Xena	Brokey	2:21:30	1.045	2:27:52	2	8
Lilja	Brokey	2:46:24	0.977	2:42:34	3	6
Ögrun	Brokey	2:46:45	1.005	2:47:35	4	5



## Hátíð hafsins

Bátur	Félag	Sigldur tími	Forgjöf	Leiðréttur tími	Sæti
Dögun	Brokey	1:26:39	0.841	1:12:52	1
Xena	Brokey	1:16:05	1.045	1:19:30	2
Sigurvon	Brokey	1:26:25	0.946	1:21:45	3
Ögrun	Brokey	1:24:49	1.005	1:25:14	4
Flóin	Brokey	1:46:15	0.888	1:34:21	5



## 17 júní þjóðhátíðarmót

Bátur	Félag	Sigldur tími	Forgjöf	Leiðréttur tími	Sæti
Dögun	Brokey	1:07:36	0.841	0:56:51	1
Lilja	Brokey	1:00:46	0.977	0:59:22	2
Sigurvon	Brokey	1:04:30	0.946	1:01:01	3
Xena	Brokey	0:59:21	1.045	1:02:01	4
Flóin	Brokey	1:14:59			DNC



## Faxaflóamót

### Rvík -Akranes

Bátur	Félag	Sigldur tími	Forgjöf	Leiðréttur tími	Sæti
Xena	Brokey	2:00:56	1.045	2:06:23	1
Lilja	Brokey	2:11:12	0.977	2:08:11	2
Dögun	Brokey	2:32:45	0.841	2:08:28	3
Ögrun	Brokey	2:19:29	1.005	2:20:11	4
Ásdís	Pytur	3:32:59	0.825	2:55:43	5



### Akranes- Reykjavík

Bátur	Félag	Sigldur tími	Forgjöf	Leiðréttur tími	Sæti
Dögun	Brokey	3:28:20	0.841	2:55:13	1
Lilja	Brokey	3:07:51	0.977	3:03:32	2
Ásdís	Pytur	3:46:12	0.825	3:06:37	3
Xena	Brokey	3:01:56	1.045	3:10:07	4
Ögrun	Brokey	3:10:55	1.005	3:11:52	5

### Stigagjöf

Bátur	Félag	Stig	Samtals	Sæti	Stig íslb.
Dögun	Brokey	3+1	4	1	10
Lilja	Brokey	2+2	4	2	8
Xena	Brokey	1+4	5	3	6
Ásdís	Pytur	5+3	8	4	5
Ögrun	Brokey	4+5	9	5	4

## Sumarmót kjölbáta

Samanlagt



Stigagiöf

Bátur	Félag	Forgjöf	umf 1	umf 2	samtals	Sæti
Xena	Brokey	1,045	1	1	2.0	1
Aría	Ýmir	1,013	2	2	4.0	2
Ásdís	Pytur	0.825	3	3	6.0	3

## Íslandsmót kjölbáta

samanlagt



Bátur	Félag	Skipstjóri	K1	K2	K3	K4	K5	K6	Stig	Sæti	Stig íslb.
Dögun	Brokey	Pórarinn Stefánsson	(2)	1	1	1	1	1	4	1	10
Xena	Brokey	Aron Árnason	1	2	5	(6)	6	3	17	2	8
Icepick 1	Pytur	Gunnar Geir Halldórsson	(6)	5	4	2	2	5	18	3	6
Icepick 2	Pytur	Arnar Freyr Jónsson	5	(7)	2	4	4	4	19	4	5
Aquarius	Brokey	Steinþór Birgisson	4	4	(8)	8	3	2	21	5	4
Ögrun	Brokey	Niels Chr Nielsen	3	3	7	5	7	(DNF)	25	6	3
Perna	ytur	Arnþór Ragnarsson	7	(DNF)	6	3	5	6	27	7	2
Ásdís	Pytur	Árni Þór Hilmarsson	8	6	3	7	8	(DNF)	32	8	1

## Lokamót kjölbáta



Lokamót	Ýmir					
Bátur	Félag	Sigldur tími	Forgjöf	Leiðréttur tími	Sæti	Stig íslb.
Dögun	Brokey	2:18:33	0.841	1:56:31	1	10
Ásdís	Pytur	2:56:47	0.825	2:01:06	2	8
Xena	Brokey	1:56:06	1,045	2:01:19	3	6
Icepick 1	Pytur	2:10:21	0.942	2:02:47	4	5
Sigurvon	Brokey	2:14:07	0.946	2:06:52	5	4
Lilja	Brokey	2:12:36	0.977	2:09:33	6	3
Ögrun	Brokey	2:10:10	1,005	2:10:49	7	2

## Íslandsbikar

Sæti	Bátur	opnunarmót	Faxaflóahafnir	Íslandsmót	Lokamót	Heildarstig
1	Dögun	10	10	10	10	40
2	Xena	8	6	8	6	28
3	Lilja	6	8	0	3	17
4	Ásdís	0	5	1	8	14
5	Ögrun	5	4	3	2	14
6	Icepick 1	0	0	6	5	11
7	Icepick 2	0	0	5	0	5
8	Sigurvon	0	0	0	4	4
9	Aquarius	0	0	4	0	4
10	Perna	0	0	2	0	2





# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



**Lög SÍL**

# Lög Siglingasambands Íslands SÍL

## 1. Kafi. Skipulag

### 1. grein

1.1 Siglingasamband Íslands, skammstafað SÍL, er æðsti aðili um öll mál siglinga- og róðraríþróttarinnar innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

### 2. grein

2.1 Siglingasamband Íslands er samband siglinga- og róðrarráða svo og héraðssambanda/íþróttabandalaga og eru öll þau félög innan ÍSí, er iðka, æfa og keppa í siglingum og róðri, aðilar að SÍL.

### 3. grein

3.1. Hlutverk SÍL er í meginatriðum:

- Að hafa yfirstjórn allra íslenskra siglinga- og róðraríþróttarinnar, vinna að stofnun sérráða og efla á annan hátt þessar íþróttagreinar í landinu.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- Að vera fulltrúi siglinga- og róðraríþróttarinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi þessar íþróttagreinar séu í samræmi við alþjóðareglur.

## 2. Kafi. Stjórn SÍL

### 4. grein

4.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af:

- Siglingaþingi.
- Stjórn SÍL.

4.2 Reikningsár SÍL er almanaksárið.

### 5. grein Siglingaþing

5.1 Siglingaþingið fer með æðsta vald í málefnum SÍL.

5.2 Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.

5.3 Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra siglinga- og róðrariðkenda, þannig að fyrir allt að 25 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 iðkendum, og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 iðkendu þar fram yfir.

5.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða tilkynnt með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

5.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL bréflaga minnst 3 vikum fyrir þingið.

5.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/íþróttabandalögum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir siglingaþing.

5.7 Siglingaþing er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

### 6. grein

6.1. Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétti hafa:

- stjórn SÍL
- heiðursformaður og heiðursfélagar
- framkvæmdastjórn ÍSí

d. fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSí

e. allir nefndarmenn SÍL

f. íþróttfulltrúi ríkisins

g. auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

6.2 Aðeins sá, sem er í félagi, sem iðkar siglingar eða róður innan sérráðs eða héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.

6.3 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en 1 viku fyrir siglingaþing.

6.4 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrirþann aðila sérráðs eða sambands/andalags, sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

## 7. grein Dagskrá siglingaþings

### 7.1

- Formaður setur þing.
- Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
- Kjörinn þingforseti.
- Kjörnir 1. og 2. þingritari.
- Kosning þingnefnda:
  - Fjárhagsnefnd 3 manna.
  - Laga- og leikreglnafnd 3 manna.
  - Allsherjarnefnd 3 manna.

6. Lögð fram skýrsla stjórnar.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

8. Umræður og samþykkt reikninga.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

10. Lagabreytingatillögur.

11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.

12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.

13. Þingnefndir starfa

14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.

15. Tillögur fjárhagsnefndar

16. Kosningar:

a. Stjórn og varastjórn, sbr 10. gr.

b. 2 skoðunarmenn.

c. Fulltrúa á íþróttþing í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt iðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.

17. Þingslit.

7.2 Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

### 8. grein

8.1 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir þingið mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. grein 6. lið).

8.2 Ársskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSí og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

### 9. grein

9.1 Aukaþing skal kalla saman með a..m.k. 3 vikna fyrirvara;

- a. eftir ákvörðun siglingaþings
- b. þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.

9.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukabíngi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingssetningu.

9.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukabíng skal senda aðilum dagskrá þingsins.

9.4 Á aukabíngi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf.

9.5 Að öðruleiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing

## 10. Grein

10.1 Í stjórn SÍL eiga sæti :

- a. 5 menn kosnir á siglingaþingi.

Kosning fari þannig fram:

1. Formaður

4 meðstjórnendur.

3 varamenn.

- 4. Fáir fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

- b. Stjórnin kys varformaðmann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.

c. Varamenn taka sæti í stjórn í þeirri röð, sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð, sem þeir voru tilnefndir.

d. Ef formaður fellur frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.

10.2. Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Formaður SÍL boðar stjórnarfund og styrir þeim.

10.3. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

10.4. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

## 11. grein Störf stjórnar SÍL

Helstu störf stjórnar eru þessi:

- a. Að framkvæma ályktanir siglingaþings.
- b. Að annast rekstur sambandsins.
- c. Að vinna að eflingu siglinga- og róðrariþróttarinnar.
- d. Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir siglinga- og róðrariþróttina.
- e. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- f. Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
- g. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- h. Að ráða niður og ákveða stað og tíma fyrir landsmót. Það skal SÍL að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stjórnir sérráða (héraðsstjórnir) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- i. Að úthluta þeim styrkjum til siglinga og róðurs, sem SÍL fær til umráða.
- j. Að koma fram erlendis fyrir hönd siglinga- og róðrariþróttarinnar.

## 12. grein Skipan starfssviða

12.1 Í upphafi starfstíma síns skipar stjórn SÍL stjórnir stoðsviða SÍL. Stoðsvið SÍL eru tvö; Afrekssvið og Almenningsiþróttasvið. Kjörtímabil þeirra er til eins árs, hið sama og stjórnar SÍL, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Stoðsvið SÍL skulu m.a. hafa yfirumsjón með viðkomandi málaflokkum, vera stjórn SÍL til ráðuneytis og sjá um verkefni þeim tengdum.

## 13. grein

13.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að viðkomandi móti lýkur.

13.2 Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkrasiglinga- og róðrariðkenda í umdæminu, skulu þau senda stjórn SÍL fyrir 15. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á siglingaþinginu, sbr. gr. 5.3.

13.3 Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, skal SÍL vinna að stofnun nýrra sérráða.

## 14. grein

14.1 Stjórn SÍL hefur frjálstan aðgang að öllum siglinga- og róðrarmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

## 3. Kaffi. Ýmis ákvæði

## 15. grein Merki SÍL

15.1 Merki Siglingasambands Íslands : Hvítt stórsegl og ár á bláum grunni. SÍL í rauðum stöfum ofan á segl.

## 16. grein Heiðursformaður

16.1 Heiðursformaður SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mætttra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

16.2 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

## 17. grein Heiðursfélagar

17.1 Heiðursfélag SÍL má kjósa á siglingaþingi.

17.2 Heiðursfélagar SÍL hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétti.

## 18. grein Slit SÍL

18.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögæmtu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst ¾ hluta atkvæða.

18.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.

## 19. grein Ráðstöfun eigna

19.1 Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu.

## 20. grein Lagabreytingar

20.1 Lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Samþykkt á 35. Siglingaþingi 8. mars 2008

Breytt frá 28. Siglingaþingi 3. mars 2001

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008.



# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



## Reikningar 2012

Skoðunarmenn:

Friðrik Hafberg  
Kristján Sigurgeirsson



## Efnahagsreikningur

31.12.2012

Eignir	2012	%	2011	%
<b>Veltufjármunir</b>				
<b>Birgðir:</b>				
Vörubirgðir	2.905.657	40%	2.762.347	32%
	<b>2.905.657</b>		<b>2.762.347</b>	
<b>Skammtímakröfur:</b>				
Viðskiptakröfur	1.819.029	25%	1.760.971	20%
Viðskiptareikningur ÍSÍ	-	0%	-	0%
	<b>1.819.029</b>	25%	<b>1.760.971</b>	20%
<b>Handbært fé:</b>				
Bankainnistæður	2.601.847	36%	4.150.035	48%
	<b>2.601.847</b>		<b>4.150.035</b>	
<b>Eignir alls</b>	<b>7.326.533</b>	100%	<b>8.673.353</b>	100%

Skuldir og eigið fé	2012	%	2011	%
<b>Eigið fé:</b>				
Þjálfunarsjóður	-	0%	390.000	4%
Útbreiðslusjóður	-	0%	1.250.000	14%
Óráðstafað eigið fé	3.733.060	51%	6.376.264	74%
<b>Eigið fé alls</b>	<b>3.733.060</b>	51%	<b>8.016.264</b>	92%
<b>Skammtímaskuldir:</b>				
Viðskiptaskuldir	3.593.473	49%	657.089	8%
<b>Viðskiptaskuldir alls</b>	<b>3.593.473</b>		<b>657.089</b>	
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>7.326.533</b>	100%	<b>8.673.353</b>	100%



## Rekstrarreikningur

1.1.2012 - 31.12.2012

Rekstrartekjur	2012	%	2011	%
ÍSí útbreiðslustyrkur	1.686.234	19%	1.619.742	23%
ÍSí Lottó	2.191.157	25%	2.253.734	32%
Styrkur frá stjórnvöldum	1.770.152	20%	1.824.156	26%
Styrkur frá einkaaðilum Vörukaup: 2.164.157	500.000	6%	884.175	13%
Vörusala: 2615.967	451.810	5%	272.502	4%
IRC forgjafir	234.687	3%	86.655	1%
Námskeiðstekjur	1.984.563	23%	50.000	1%
Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir	-	0%	-	0%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>8.818.603</b>	100%	<b>6.990.964</b>	100%

### Rekstrargjöld

Launakostnaður	8.431.112	64%	3.387.439	47%
Leiga skrifstofu og skrifst.kostnaður	741.798	6%	548.975	8%
Fundir erlendis	1.064.733	8%	1.211.764	17%
Fundir innanlands	650.354	5%	233.282	3%
Félags- og aðildargjöld	85.611	1%	21.114	0%
Kostnaður v/forgjafar	147.363	1%	99.015	1%
Styrkir og gjafir	261.510	2%	20.000	0%
Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir	759.334	6%	-	0%
Námskeiðskostnaður	856.813	6%	182.680	3%
Kynningarkostnaður	150.000	1%	231.296	3%
Kostnaður v/mótahalds	42.600	0%	1.343.518	18%
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>13.191.228</b>	100%	<b>7.279.083</b>	100%

<b>Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld</b>	- 4.372.625	-	288.119	
Fjármunatekjur	111.324		83.857	
Vaxtagjöld og verðbætur	- 21.903	-	32.199	
<b>Fjármunatekjur</b>	<b>89.421</b>		<b>51.658</b>	
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>- 4.283.204</b>		<b>- 236.461</b>	



### **Áritun skoðunnarmanna:**

Við undirritaðir kjörnir skoðunnarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2012 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við

Reykjavík 23. feb. 2013

Friðrik Hafberg  
(sign)

Kristján Sigurgeirsson  
(sign)